

**Nd.**

**54. Frumvarp til laga**

[51. mál]

um Þjóðskjalasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

**1. gr.**

Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisskjalasafn og lýtur yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Kostnaður við rekstur þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegu framlagi í fjárlögum.

**2. gr.**

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er:

1. að annast innheimtu og varðveislu á öllum þeim skjalasöfnum opinberra embættis og stofnana ríkisins, sem orðin eru afhendingarskyld samkvæmt gildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn á hverjum tíma;
2. að skrásetja öll afhent skjalasöfn, hvert um sig, og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra;
3. að safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innan lands og utan, þar með ljósritum slíkra heimilda, sem finnast í erlendum skjalasöfnum;
4. að halda opnum lestrarsal fyrir almenning, þar sem hægt sé að sinna fræðistörfum og færa sér varðveitt skjöl og heimildir skjalasafnsins í nyt.

**3. gr.**

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð. Þjóðskjalavörður annast daglega stjórn Þjóðskjalasafns, en hefur jafnframt á hendi yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sbr. lög nr. 7 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn.

Menntamálaráðherra skipar skjalaverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

**4. gr.**

Laun þjóðskjalavarðar, skjalavarða og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin á sama hátt og laun annarra opinberra starfsmanna.

**5. gr.**

Í Þjóðskjalasafni skal vera viðgerðarstofa skjala og handrita. Skal hún jafnframt starfa fyrir Landsbókasafn og Handritastofnun.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfshætti Þjóðskjalasafns. Í þeirri reglugerð má ákveða viðurlög við brotum á starfsreglum þess.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 39 3. nóvember 1915, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra fól forstöðumönnum Landsbókasafns, Handritastofnunar, Listasafns og Þjóðskjalasafns hverjum um sig að endurskoða löggjöf stofnana sinna í samstarfi við ráðuneytisstjórnann í menntamálaráðuneytinu. Frumvörp um þrjár fyrstnefndu stofnanirnar hafa þegar verið lögð fyrir Alþingi. Frumvarp það til laga um Þjóðskjalasafn Íslands, sem nú er lagt fram, hafa þeir samið Stefán Pjetursson, þjóðskjalavörður, og Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Segja má, að Þjóðskjalasafn Íslands væri stofnað með auglýsingu landshöfðingja um Landsskjalasafn 3. apríl 1882, þótt það hlyti þá annað nafn og héldi því þar til lög um Þjóðskjalasafn Íslands frá 3. nóvember 1915 gengu í gildi 1. janúar 1916.

Landsskjalasafnið var þó fram til aldamóta lítið annað en nafnið. Skjalasöfn æðstu embættismanna innanlands: landshöfðingja, stiftsyfirvalda, amtmanna í suður- og vesturamti, biskups, landfógeta og hins opinbera endurskoðanda, fengu að visu með auglýsingu landshöfðingja sameiginlegan samastað á dómkirkjuloftinu í Reykjavík — þar sem Landsbókasafn og Forngripasafn höfðu áður verið til húsa — og voru geymd þar hvert í sínu herbergi, og gömul skjöl úr skjalasöfnum embættismanna úti um land fengu þar einnig eitt sameiginlegt herbergi. En enginn skjalavörður var skipaður við safnið. Sérhver nefndra embættismanna, sem allir voru í Reykjavík, varð sjálfur að sjá um sitt skjalasafn á dómkirkjuloftinu; skjölin utan af landi voru hins vegar falin forsjá landshöfðingjaritara. Um opnun skjalasafnsins til almenninga gat að sjálfsögðu aldrei verið að ræða við slíka skipan og aðbúnað.

En á þessu varð mikil breyting um aldamótin. Árið 1899 veitti Alþingi fé til þess að launa fastan skjalavörð við safnið sem og til þess að koma því fyrir í öðrum og betri húsakynnum á efsta lofti alþingishússins, þar sem Forngripasafnið hafði áður verið til húsa um skeið, en flutt burt einmitt það ár. Við hinn nýju stöðu landsskjalavarðar tók fyrir lok þess árs, eða 8. desember 1899, dr. Jón Þorkeiðsson, og reyndist sem alkunnugt er munur að því mannsliði fyrir skjalasafnið. Tæpu ári eftir að hann tók við stjórn þess, eða haustið 1900, var það opnað almenningi í hinum nýju húskynnum á efstu hæð alþingishússins, þótt ekki væri nema eina klukkustund á dag þrisvar í viku hinn fyrsta áratug aldarinnar.

Þótt hin nýju húsakynni í alþingishúsinu væru mikil framför fyrir skjalasafnið, voru þau þó engin framtíðarlausn á húsnæðismálum þess. Hún fékkst ekki fyrr en safnahúsið var reist við Hverfisgötu á árunum 1906—1908. Það var beinlínis byggt handa Landsbókasafni og Landsskjalasafni, þótt Forngripasafnið og Náttúrugripasafnið fengju þar einnig inni til bráðabirgða. Var þetta glæsilega stórhýsi — á þeirra tíma mælikvarða — vígt og opnað almenningi 28. marz 1909, og hafði skjalasafnið þá verið flutt þangað úr alþingishúsinu. Fékk það nú margfalt húsrými, miðað við það, sem það hafði áður haft: 2500 metra hillulengd í skjalageymslum, lestrarsal með sextán sætum og skrifstofu handa skjalaverði. Nægði slíkt húsrými skjalasafninu um áratugi, án þess að yfir þyrfti að kvarta.

Þegar skjalasafnið var opnað almenningi í alþingishúsinu, eða nánar til tekið 10. ágúst 1900, setti landshöfðingi því allitarlega reglugerð, þar sem skjalasöfnum allra embættismanna og opinberra stofnana og sýslana var gert að skyldu að

afhenda Landsskjalasafninu öll skjöl sín og embættisbækur, sem eldri væru en 30 ára. En aðeins ellefu árum síðar ákvað Stjórnarráðið í nýrri reglugerð um skjalasafnið 27. maí 1911, að afhendingarskyldan skyldi taka til allra þeirra skjala og embættisbóka, sem eldri væru en 20 ára. Var það ákvæði og endurtekið óbreytt í reglugerð um Þjóðskjalasafn Íslands 13. janúar 1916, sem enn er í gildi.

Við svo stranga og viðtæka afhendingarskyldu á öllum opinberum skjölum, sem að vísu sjaldan mun hafa verið unnt að fylgja alveg eftir bókstafnum, óx skjalasafnið ört allt frá aldamótum; og til viðbótar þeim skjalasöfnum hinna æðstu embættismanna innanlands, sem áður voru komin í safnið, meðan það var geymt á dómkirkjuloftinu í Reykjavík — þar á meðal hin gömlu skjalsöfn biskupsstólanna í Skálholti og á Hólum, svo og stiftamtanna og landfógeta — tóku nú einnig að berast skjöl og embættisbækur í stórum stíl úr skjalasöfnum embættismanna úti um land, einkum sýslumanna og sóknarpresta, sem margir hverjir höfðu undir höndum aldagamlar embættisbækur: dóma- eða kirkjubækur. Reynt var að gera þessar ómetanlegu heimildir þjóðarsögunnar nothæfar sem fyrst fyrir fræðimenn og aðra gesti safnsins með bráðabirgðaröðun og bráðabirgðaskrá, sem út voru gefnar þegar á fyrsta áratug aldarinnar, eða nánar til tekið á árunum 1903 — 1910. Urðu þær þrjár, allar eftir dr. Jón Þorkelsson, en nefndust einu nafni „Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík“. Fjallaði sú fyrsta um skjalasöfn stiftamtanna og amtanna yfir landi öllu, önnur um skjalasöfn klerkdómsins, en sú þriðja og síðasta um skjalasöfn Öxarárþings og yfirréttarins við Öxará, landsyfirdóms, sýslumanna, sveitarstjórna, sáttanefnda og umboða, þ. e. klaustra. Voru skrár þessar skjalasafninu lengi ómissandi hjálpargögn og eru það sumpart enn, þótt þrýn þörf sé nú orðin á öðrum nýjum í stað þeirra.

Í Landsskjalasafnið vantaði fram til ársins 1904 — og þó nokkru lengur — öll skjöl um æðstu stjórn Íslands, bæði fyrr og síðar, því að hún var þá enn í Kaupmannahöfn. Þar voru og að sjálfsögðu skjöl hennar, enda afhendingarskyld til Ríkisskjalasafns Danmerkur. En þegar Ísland fékk heimastjórn árið 1904 og Stjórnarráðið var stofnað í Reykjavík, þótti eðlilegt, að því væri afhent skjalasafn hinnar íslensku stjórnardeildar í Kaupmannahöfn, sem síðan 1849 hafði farið með Íslandsmál, og var það sent hingað sama ár. Var það um skeið í vörzlu Stjórnarráðsins, meðan þess þurfti við þar, en síðan afhent Landsskjalasafni sumarið 1915 — sama ár og nafni þess var breytt í Þjóðskjalasafn Íslands — , samtals 235 embættisbækur og skjalabögglar.

En þótt skjalasendingin frá Danmörku árið 1904 kæmi hinu nýstofnaða Stjórnarráði í Reykjavík í góðar þarfir og yrði Þjóðskjalasafni síðar mikið heimildasafn um æðstu stjórn Íslands á síðari hluta 19. aldar, var hitt þó miklu meira og dýrmætara, sem þá varð eftir í Ríkisskjalasafni Danmerkur af eldri skjölum og skjalagögnum um íslensk mál og spannaði allt að þremur öldum í sögu þjóðarinnar eða allt frá því á 16. öld fram til 1848. Þau skjöl og skjalagögn voru að vísu ekki í neinu sérstöku skjalasafni, hliðstæðu skjalasafni íslensku stjórnardeildarinnar frá 1849 — 1904, heldur á við og dreif: í leyndarskjalasafni konungs og skjalasöfnum hinna gömlu dönsku stjórnardeilda á einveldisöld, einkum kansallís og rentukammers, sem að vísu voru öll geymd í Ríkisskjalasafni. Var ekkert auðhlaupið að því að skilja íslensk skjalagögn þar frá dönskum, enda var engum tilmælum þar að lútandi hreyft að sinni.

Aftur á móti var árið 1907 vakið máls á því, að skilað yrði úr Árnasafni í Kaupmannahöfn þeim skjölum og handritum, sem vitað var, að Árni Magnússon hafði fengið að láni úr íslenskum embættisskjalasöfnum og ætlað sér að skila, þótt ekkert yrði úr því. Skoraði neðri deild Alþingis það ár á stjórnarvöld landsins að heita sér fyrir þessu. Dr. Jón Þorkelsson taldi þá í „Skýrslu um skjöl og handrit í safni Árna Magnússonar, sem komin eru úr opinberum skjalasöfnum á Íslandi“, birtri í Reykjavík 1908, að Árnasafni bæri að skila hátt á sjöunda hundrað fornbréfum frá gömlu biskupsstólunum, kirkjum og klaustrum, og nokkr-

um skjalabókum, þar á meðal skinnbókum, og að sjálfsgöngu var það Landsskjalasafnið, sem við þeim átti að taka. En viðræður við dönsk stjórnarvöld um þetta mál báru í það sinn ekki neinn árangur.

Eftir að Ísland hafði verið viðurkennt fullvalda ríki árið 1918, var aftur tekið að hreyfa þessu máli, og því þá með, að Íslandi yrðu afhent þau skjöl og skjalagögn úr Ríkisskjalasafni Danmerkur, sem þar fundust um íslensk mál. Var þetta rætt ítarlega á fundum hinnar dansk-íslensku ráðgjafanefndar á árunum 1925—1927, með þátttöku Hannesar Þorsteinssonar, þáverandi þjóðskjalavarðar, og varð niðurstaðan af þeim sú, að samið var milli Íslands og Danmerkur 15. október 1927 um skjalaskipti eða gagnkvæma afhending úr söfnum á skjölum og bókum. Mátti sá samningur í reynd þó naumast skjalaskipti heita, því að fyrir aðeins 79 embættisbækur, sem Þjóðskjalasafn Íslands varð þá að skila aftur úr skjalasafni íslensku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn — og raunar nýlega hafa verið mikkrofílmáðar fyrir Þjóðskjalasafn þar úti, — fékk það úr Ríkisskjalasafni Dana 833 skjalabækur og skjalaböggla um íslensk mál á einveldisöld, mestmegnis úr skjalasöfnum kansellíis og rentukammers, þar á meðal slíka dýrgripi sem frumritin af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, bundin í bókfell, úr skjalasafni hæstaréttar málsskjöl í íslenskum málum 1802—1921, úr Konungsbókhlöðu safn alþingisbóka, og úr Árnasafni hin umdeildu fornbréf, sem nú urðu sjö hundruð talsins, flest skinnbréf frá Hólum, svo að ásamt 300 skinnbréfum, sem fyrir voru í skjalasafninu frá Skálholti, á það nú um 1000 skinnbréf; úr Árnasafni fékk það einnig fjórar skinnbækur, — þar á meðal elztu varðveitta biskupsbréfabók hér á landi, frá 15. öld, — sem ásamt Reykholtsmáldaga frá 12. og 13. öld og Sigurðarregistri, máldagabók Hóladómkirkju frá 16. öld, sem skjalasafnið átti áður, eru meðal mestu dýrgripa þess.

Annar eins hvalreki hefur hvorki fyrr né síðar komið á fjörur Þjóðskjalasafns; enda er „danska sendingin frá 1928“ — eins og þessi afhending er oftast kölluð — ekki aðeins sú langstærsta, sem skjalasafninu hefur nokkru sinni horizt, heldur og heimildasafn um sögu þjóðarinnar á síðari öldum, sem seint verður fullnýtt.

Um skjalasafn, sem óx svo hröðum skrefum allt frá aldamótum, var það engin furða, þótt starfsemin innan veggja þess, þar á meðal svo þýðingarmiklir þættir hennar sem röðun, skrásetning og viðgerð innkominna skjala og skjalasafna, drægist nokkuð aftur úr, enda lágu til þess ýmsar sérstakar ástæður, sem ekki er allstaðar við að stríða. Starfslið skjalasafnsins var frá upphafi, og er það raunar enn, allt of lítið, þótt ekki verði því neitað, að veruleg breyting hafi orðið á þessu til batnaðar í seinni tíð. Fram til ársins 1911 var skjalavörðurinn, sem skipaður var 1899, eini starfsmaður skjalasafnsins, og frá þeim tíma fram til ársins 1938, hafði hann ekki nema einn aðstoðarmann sér við hlið. Þá urðu skjalaverðirnir tveir, auk þjóðskjalavarðar. Síðan 1953 hafa þeir verið fjórir. Við fámennst starfslið bættist svo það, að skjalasafnið var frá upphafi ofurselt þeirri annarlegu kvöð, að annast daglegar útskriftir vottorða úr innkomnum kirkjubókum, sem þó ekki mun hafa verið skjalasafninu tilfinnanleg hin fyrstu ár eða áratugi, en tók upp meira og meira af starfskröftum þess, þegar árin liðu og skriffinnskan í landinu óx, þar til þeirri kvöð var létt af Þjóðskjalasafni 1962.

Þrátt fyrir þessar aðstæður tókst á fimmta tug aldarinnar að skapa vísi að nokkurri verkaskiptingu milli skrásetningar og afgreiðslu í skjalasafninu, sem fyrir löngu var orðin nauðsynleg vegna vaxandi afgreiðslustarfa á lestrarsal, sem allt frá 1916 var hafður opinn almenningi fimm klukkustundir hvern virkan dag, en er nú opinn átta klukkustundir. Árangur þeirrar verkaskiptingar birtist meðal annars í þremur nýjum „Skrám Þjóðskjalasafns“, sem út komu á árunum 1952—1956: „Skjalasafn landlæknis“ eftir dr. Björn Þórólfsson, „Prestþjónustubækur og sóknarmannatöl“ eftir síra Jón Guðnason og „Biskupsskjalasafn“ eftir dr. Björn Þórólfsson. Eru þær um margt frábrugðnar hinum fyrri skráum um skjöl og bækur

í Landsskjalasafni, enda byggðar á mjög ítarlegri könnun og röðun hvers skjalasafns. Síðan þær komu út hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf að nýjum skráum um skjalasöfn stiftamtanna, amtmanna, stiftsyfirvalda og landshöfðingja; hefur þeim skjalasöfnum og jafnharðan verið komið fyrir í nýjum og miklu haldbetri umbúðum en áður, og er þess að vænta, að ekki líði mörg ár, þar til út koma prentaðar skrár um þau.

Margskonar nýbreytni hefur verið tekin upp við Þjóðskjalasafn hin síðustu ár. Á öndverðum sjötta áratug aldarinnar, 1952, komu Mormónar hingað, fyrir hönd ættfræðifélagsins „Genealogical Society“ í Utah, og fengu að taka míkrofilmur af öllum helztu ættfræðiheimildum skjalasafnsins, þar á meðal manntölum, kirkjubókum, dónabókum og skiptabókum, eins og þeim var þá heimilað í öllum meiri-háttar skjalasöfnum annarsstaðar á Norðurlöndum og raunar miklu víðar. Fékk Þjóðskjalasafn sér að kostnaðarlausu eitt eintak af hverri spólu, sem þeir tóku hér, samtals hér um bil 1000 spólur, og þar með ágæta lestrarvél. Varð þetta stofn að mjög handhægu míkrofilmusafni Þjóðskjalasafns, sem síðan hefur vaxið töluvert árlega. Árið 1959 var byrjað að afrita gömul manntöl skjalasafnsins á vél til afnota fyrir gesti þess í stað frumrita, sem fyrir löngu voru farin að láta á sjá og lágu undir skemmdum af völdum ofnotkunar. Liggja slík afrit nú fyrir í tvítaki af manntölunum 1870, 1880, 1890, 1920 og 1930, en verið er að afrita manntalið 1860. Hefur þetta verk orðið vinsælt af gestum safnsins, enda forðað dýrmætum frumritum frá eyðileggingu. Árið 1964 var í svipuðum tilgangi byrjað að ljósrita gamlar kirkjubækur skjalasafnsins, sem hafa allt of lengi sætt ofnotkun. Hefur ljósritun þeirra verið haldið áfram síðan, til þess að hlífa frumritunum.

Skyld slíku björgunarstarfi innan veggja Þjóðskjalasafns, sem er svo þýðingarmikill þáttur skjalavörzlunnar, er starfsemi skjalaviðgerðarstofunnar, sem árin 1964—1965 var innréttuð á vegum skjalasafnsins, þótt hún hafi einnig með höndum handritaviðgerð fyrir Landsbókasafn og Handritastofnun. Hefur slíkrar stofnunar óvída verið meiri þörf en við Þjóðskjalasafn, svo illa sem tímans tönn og rakir torfkofar hafa leikið sum hin eldri skjalasöfn þess á unliðnum öldum. Starfsemi skjalaviðgerðarstofunnar, sem byggð er á nýjustu og þó sibreytilegri tækni í skjala- og handritaviðgerð hefur og þegar á fáum árum gert Þjóðskjalasafni og Landsbókasafni lítt metanlegt gagn.

Stærsta og dýrasta nýjungin í Þjóðskjalasafni undanfarin ár eru þó hinir nýju stálskápar á rennibrautum, sem síðan 1964 hefur verið komið fyrir í skjalageymslurými safnsins á tveimur hæðum af þeim fimm, sem það hefur til forráða í vestur-enda safnahússins. Er þetta ekki aðeins stórkostleg endurbót á vörzlu skjalanna, heldur og verulegur sparnaður vegna gernýtingar á geymslurými þess, sem fyrir hálfri öld, þegar skjalasafnið var nýflutt í safnahúsið, nam ekki nema 2500 hillumetrum, en er nú 4000. Hefur sú aukning komið í góðar þarfir, þótt hún hrökkvi skammt til þess að leysa þann húsnaðisvanda, sem Þjóðskjalasafn er nú aftur komið í, eins og raunar flest opinber skjalasöfn á Norðurlöndum, af völdum þess vaxandi skjalafloðs, sem inn streymir frá embættum landsins. Sá vandi verður ekki leystur hér til frambúðar nema með nýju safnahúsi eða stórauðnu húsrými í hinu gamla.“